



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s. 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð Skjólbrekku- og bókasafnsnefnd.

Fundur haldinn í nefndinni miðvikudaginn 4. desember 2002 kl. 20:00 í Skjólbrekku.

Mættir: Unnur Sigurðardóttir og Kolbrún Ívarsdóttir. Auk þeirra mættu Böðvar Pétursson, Sigurður Böðvarsson og Hrafnhildur Geirsdóttir fyrir hönd Mývetnings, Íþróttá- og ungmennafélags. Þá sat sveitarstjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar var farið um húsið og það skoðað

1. Viðræður um eignarhald og framtíð Skjólbrekku.

Skýrt var frá að sveitarstjórn óskar eftir að taka yfir Skjólbrekku.

Fulltrúar Mýv. skýrðu frá að félagið fallist á að sveitarfélagið eignist húsið.

Undanskilin er austurálman, þ.e. hæð fyrir ofan og undir húsnæði Sparisjóðsins.

Þá óskar Mýv. eftir að liðir a), b), d) (jólafundur) og e) sem eru í 2. grein samnings frá 1997 haldist í nýjum samningi, þ.e. að Skútustaðahreppur standi straum af leigu. Hér á eftir fara þeir liðir sem Mýv. óskar eftir að fái staðið:

- a) *Full afnot af geymslu á efstu hæð nýbyggingar. Félagið annast endurbætur á geymslunni.*
- b) *Uppsetningu á einu leikriti á ári ásamt frumsýningu. Áætlaðar eru 25 - 30 æfingar fyrir hverja uppsetningu.*
- d) *Jólafundur í lok desember.*
- e) *Íþróttæfingar tvisvar í viku frá október til aprílloka ár hvert. Kostnaður vegna gæslu og þrifa greiðist af U.M.F.M.*

Sveitarstjóri skýrði frá að hann mundi leggja til við sveitarstjórn að lögfræðingur verði fenginn til að ganga frá formlegum samningi.

Fleira ekki gert
fundi slitið.
Unnur Sigurðardóttir
Kolbrún Ívarsdóttir
Böðvar Pétursson,
Sigurður Böðvarsson
Hrafnhildur Geirsdóttir

